

**Ed.**

**39. Frumvarp**

til laga um bæjargjöld í Vestmannaeyjum.

Flutningsm.: Jóhann Jósefsson.

1. gr.

Fje það, sem útheimtist til að standa straum af útgjöldum Vestmannaeyjakaupstaðar til bæjarþarfa, skal, að svo miklu leyti, sem það verður ekki lagt á með niðurjöfnun útsvara og liggur í sjerstökum tekjum, fengið með því að leggja gjald á allar fasteignir í kaupstaðnum.

2. gr.

Fasteignagjald samkv. 1. gr. skal miða við virðingarverð eftir fasteignamatslögum, og ákveðst það þannig:

Af öllum húseignum í bænum, úr hvaða efni sem þau eru og til hvers

sem þau eru notuð, ennfremur af öllum lóðum, sem einstakir menn eiga eða hafa leigurjett yfir, skal greiða í fasteignagjald 0,4% — fjörutíu auru af hverjum hundruð krónum — virðingarverðs, samkv. fasteignamatslögum.

Undanskilin gjaldi þessu eru öll tún og hagar, svo og allar fasteignir bæjarins og allar eignir rikissjóðs, sem ekki eru öðrum leigðar.

Gjald þetta greiði eigendur húsa og lóða, eða leigjendur, sem samkv. byggingarbrjefi eða öðrum heimildum hafa umráð þeirra eigna, er gjaldið hvílir á.

### 3. gr.

Fyrir gjald þetta annast bærinn, húseigendum að kostnaðarlausu, sót-, sorp- og salernahreinsun og gerir ráðstafanir til þess að fyrirbyggja eldsvoða.

### 4. gr.

Fasteignagjald skal greiða í skrifstofu bæjargjaldkerans í Vestmannaeyjum, og er gjalddagi 15. maí ár hvert.

### 5. gr.

Fasteignagjaldið hvílir sem lögveð á fasteign þeirri, sem það er lagt á, og skal ásamt dráttarvöxtum í tvö ár frá gjalddaga ganga fyrir öllum öðrum veðkröfum á eigninni. Brenni hús eftir gjalddaga, hefir fasteignagjaldið og forgangsrjett í brunabótum á sama hátt.

### 6. gr.

Sje fasteignagjald, útsvar eða önnur bæjargjöld ekki greidd áður en 2 mánuðir eru liðnir frá gjalddaga, skal gjaldandi skattsins greiða bæjarsjóði dráttarvexti, er nemi 1% — einni krónu af hverjum 100 krónum — fyrir hvern mánuð eða part úr mánuði, sem liður frá gjalddaga, uns gjaldið er greitt.

Sömu dráttarvexti skal greiða, ef gjöld til hafnarsjóðs Vestmannaeyja, svo sem festagjöld, lestagjöld, vörugjöld, uppsátursgjöld o. fl., eru ekki greidd innan tveggja mánaða frá gjalddaga.

Dráttarvextir hafa lögtaksrjett á sama hátt og sjálf gjöldin.

### 7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæðum 6. greinar um dráttarvexti skal þó ekki beitt fyr en 3 mánuðum eftir gildistöku laganna. Fasteignagjald samkv. 1. gr. reiknist fyrst frá 1. janúar 1927.

## Greinargerð.

Vestmannaeyjakaupstaður hefir tekist á hendur að annast sorp- og salernahreinsun fyrir bæjarbúa, og er fasteignagjaldi þessu ætlað að bæta bæjarsjóði upp þann kostnað, er af þessu hlýst, auk útgjalda til sóttara og eftirlits með eldstæðum.